

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 760/2021, um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu "Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands" með reglugerðinni:

a. Í flokksnum **0424 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga)** verður eftirfarandi breyting:

a. 1. mgr. a-liðar orðast svo:

Þeir sem eru með sykursýki I og nota blóðstrimla til að fylgjast með blóðsykri geta fengið blóðstrimla sem miðast við 10 mælingar á dag eða 3.600 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (72 pakkingar).

b. Í flokksnum **0630 Gervihlutar aðrir en gervilimir** verður eftirfarandi breyting:

a. Við 2. mgr. *Gervibrjóst* bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrk að upphæð 30.000 kr. á tveggja ára fresti vegna húðflúrunar geirvörtu og/eða vörtubaugs á uppbyggt brjóst.

b. Við 5. mgr. bætist: 06 30 99 húðflúrun geirvörtu og/eða vörtubaugs á uppbyggt brjóst 100%, sbr. framangreint.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 30. september 2021.

Svandís Svavarsdóttir.

Guðlaug Einarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.